
REGLUGERÐ UM HEIÐURSVIÐURKENNINGAR KLÍ

1. grein

KLÍ veitir við sérstök tækifæri einstaklingum heiðursviðurkenningar fyrir mikil og góð störf fyrir sambandið og keiluna í landinu.

2. grein

Heiðursviðurkenningar KLÍ skiptast í eftirfarandi flokka:

- a) Gullmerki KLÍ
- b) Silfurmerki KLÍ
- c) Afreksmerki KLÍ

3. grein

Gullmerki KLÍ skal aðeins veita þeim einstaklingum sem unnið hafa keiluíþróttinni langvarandi og þýðingarmikil störf.

4. grein

Silfurmerki KLÍ skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa vel og dyggilega að eflingu keiluíþróttarinnar í landinu.

5. grein

Afreksmerki KLÍ skal einungis veitt einstaklingi sem hefur skilað yfirburðarárangri í keppnum og tekið þátt í landskeppnum fyrir Íslands hönd.

6. grein

Halda skal skrá yfir allar heiðursviðurkenningar KLÍ.

Samþykkt á þingi KLÍ 19. apríl 2002